

Stjórnarfundur mánudaginn 8. apríl 2019

Kl. 19:00 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

Mættir á fund: Sævar Finnbogason, Jens Ívar Jóhannuson Albertsson, Hope Knútsson, Tómas Kristjánsson, Júlía Linda Ómarsdóttir, Þorsteinn Kolbeinsson, Siggeir F. Evarsson

Fundarritun: Siggeir F. Evarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Framsal kosningaréttar á auka aðalfundi með umboði

Lög félagsins segja ekkert um hvort hægt sé að framselja atkvæði sitt á aðalfundi með umboði, og því eðlilegast að leyfa slíkt framsal ekki. Lögin þyrftu að kveða sérstaklega á um slíkar heimildir til að hægt væri að leyfa slíkt.

2. Skipanir í framkvæmdahópa hug-, framtíðar- og viðurkenningarráða.

Listi yfir áhugasama lagður fram.

Í hugráð tilnefnir stjórn þau Svan Sigurbjörnsson, Sigurð Hólm Gunnarsson og Sævar Finnbogason, Ástu Margréti Elínardóttur og Huldu Björg Sigurðardóttur. Slembivaldir voru Krístrún Ýr og Trausti Einarsson

Í framtíðarráð tilnefnir stjórn þau Mörð Árnason og Arndísi Önnu. Slembivaldir voru Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, Valgerður Þorbjörg og Jens Ívar.

Í viðurkenningarráð tilnefnir stjórn Auði Sturludóttur og Ingu Auðbjörgu. Sveinn Atli valinn með hlutkesti.

3. Skipun í athafnaráð

Selma Björnsdóttir er sú eina sem hefur formlega gefið kost á sér. Málinu frestað og óskað eftir fleiri tilnefningum og/eða framboðum.

4. Umræða vegna rukkunar félagsgjalda, hvatning til félaga sem skráðir eru í þjóðskrá að greiða einnig valkvæð félagsgjöld.

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að bréfi sem hann óskar eftir að senda á félagsmenn um félagsgjöld. Bréfið samþykkt til útsendingar.

https://docs.google.com/document/d/1bW1yqN5jABjWsloW4_Qgj83Na6G1HzEMHXpV0u22AYE/edit?usp=sharing

5. Kynning frambjóðenda til stjórnar

Vefsíða komin í loftið - <http://sidmennt.is/frambod-til-stjornar-2019/>

6. Birting ársreikninga; vegna fyrirspurnar fjölmiðils

Ákveðið að birta ársreikninga félagsins á vefsíðu félagsins.

7. Drög að texta fyrir auglýsingu um útfarir

Málinu frestað til næsta fundar vegna forfalla þeirra athafnastjóra sem sjá um útfarir.

Drög að texta:

Veraldleg útför

Persónuleg, virðuleg og falleg kveðjuathöfn

Siðmennt

8. Mál frá síðasta fundi

- Auglýsa þarf auka aðalfund síðasta lagi miðvikudag skv. lögum félagsins.
- Heimsókn John de Lancie til Íslands næsta haust - rúllar áfram og til ráðs
- Athafnaráð - í vinnslu
- Bann við kjarnorkuvopnum - Danir ekki gert neitt. Málið látið niður falla.
- Erindi frá Belgískum samtökum vegna greinar - í vinnslu. Deadline 24. apríl
- GDPR - Tilboð frá Tómasi. Frestað fram yfir 24. apríl
- Yfirfærsla verkefna BF frá Hope - Jens að vinna drög að verkefnalýsingu
- Þjóðskrármálið - fundur fimmtudaginn 11. apríl sem Sævar og Tómas mæta á með bros á vör en alvarlegir engu að síður.

9. Önnur mál

Fundi slitið klukkan: 20:45

Næsti stjórnarfundur haldinn: Mánudaginn 15. apríl

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands